Sem hluta af skráningu þinni þarf að stofna notandanafn og á sumum mörkuðum gæti þurft að búa til lykilorð. Þessi gögn eru notuð til að staðfesta þig þegar þú notar Visa Solution. Ef þú þarft að stofna lykilorð, ættir þú að velja lykilorð sem er einstakt fyrir Visa Solution til að verja þig og leggja notandanafnið og lykilorðið á minnið og ekki halda skráningu lykilorðsins á eða með einkatölvunni þinni, spjaldtölvu, fartæki eða öðru tæki sem notað er til að fá aðgang að Visa Solution. Þú ert ábyrg(ur) fyrir því að verja trúnaðarupplýsingar um notandanafn þitt og lykilorð, ef einhver eru. Að auki, ef þú velur að láta tækið þitt eða vafra muna eftir þér, eða tengja notkun þína á Visa Solution við stafrænt veski á einu eða fleiri tækjum, berð þú ábyrgð á að vernda öryggi og aðgang að slíku tæki/tækjum. Það er mikilvægt að þú gerir það, þar sem við erum ekki ábyrg fyrir neinu tapi sem þú verður fyrir vegna óleyfilegrar notkunar á gjaldgenga kortinu þínu ef þú verndaðir ekki öryggi og aðgang að slíkum tækjum og, eftir aðstæðum, þá getur útgefandi þinn gert þig ábyrga(n) fyrir óleyfilegri notkun á reikningi gjaldgenga kortsins þíns. Þú samþykkir að tilkynna Visa tafarlaust um leið og vart verður við óleyfilega notkun á notandanafni þínu, lykilorði ef við á, eða gjaldgengt kort í Visa Solution, eða ef tæki(n) þín sem þú hefur valið að láta muna eftir þér, eða tengt notkun þína á Visa Solution við stafrænt veski, hefur týnst eða því verið stolið eða á annan hátt orðið fyrir óviðkomandi aðgangi eða öðrum raunverulegum eða hugsanlegum öryggisbrestum sem tengjast notkun þinni á Visa Solution. Visa áskilur sér rétt til að fjarlægja gjaldgengu kortin þín af, eða hætta við eða segja upp notkun þinni á Visa Solution og/eða, ef þú ert með lykilorð, krefjast þess að þú breytir lykilorðinu þínu, ef Visa telur að það sé ekki lengur öruggt. Þú berð ábyrgð á notkun gjaldgengra korta þinna í Visa Solution og til að tryggja að notkun eða aðgangur að Visa Solution sé í fullu samræmi við þessa skilmála. Þú staðfestir að Visa kann að senda þér einnota aðgangskóða með tölvupósti og/eða farsímamann þinn til að staðfesta að þetta sért þú þegar þú notar Visa Solution. Þú getur valið að nota möguleikana á persónulega tækinu þínu eins og fingraför, andlitsvottun og/eða aðgangskóða tækisins þíns („Aðgangsslyklar“) í tengslum við Visa Solution, þar sem Visa er aðgengilegt. Notkun þín á aðgangsslyklum er stjórnað af samningi á milli þín og framleiðanda tækisins. Fingraför þín, andlitsvottunargögn og/eða aðgangskóði tækisins fara ekki úr tækinu þínu. Þú getur valið hvort þú vilt nota aðgangsslykla í tengslum við hvaða greiðslufærslur sem er og þú getur gert notkun þína á aðgangsslyklum í tengslum við Visa Solution óvirka með því að aftengja kortið þitt eða fjarlægja tækið þitt [hér](#).

Þú getur valið að nota Visa Solution á sérhverju tæki sem hægt er að nota til að framkvæma rafrænar færslur og þar sem smásöluaðilinn sem þú ert í samskiptum við styður Visa Solution. Að auki getur þú valið að staðfesta Visa Solution færslur þínar á persónulega tækinu þínu með því að nota aðgangsslykla þar sem tækið, verkvangurinn

og/eða vafrinn styður aðgangsslykla, þá aðgangsslykla sem þú hefur virkjað í tækinu þínu og þar sem notkun á aðgangsslyklum er aðgengileg hjá Visa.

7. liður (Greiðslur, gjöld og skattar)

Það er algjörlega á þína ábyrgð að afla þér vélbúnaðar, tækja, hugbúnaðar, þráðlauss aðgangs og netaðgangs og annara hluta til að nota eða fá aðgang að Visa Solution, sem og allra tengdra greiðslna, útgjalda eða annarra gjalda. Skilaboðagjöld og gagnagjöld kunna að eiga við. Sérhverjir vextir, gjöld, greiðslur eða útgjöld útgefandans á gjaldgenga kortunum sem þú ert að nota í sambandi við Visa Solution er algjörlega á þína ábyrgð, sem og allir skattar eða tilkynningaskyldur vegna skatta í sambandi við notkun þína á Visa Solution.

Með fyrirvara um það sem kemur fram hér að ofan er Visa Solution ókeypis.

8. liður (Persónuvernd)

Visa vinnur úr persónuupplýsingum þínum til að veita þér Visa Solution (eins og samið er um í þessum skilmálum) og í samhæfðum tilgangi. Þú berð ábyrgð á því að persónuupplýsingarnar sem tengjast reikningnum þínum séu fullnægjandi og uppfærðar. Ef þú notar aðra þjónustu sem rekin er af útgefanda þínum, smásöluaðila eða öðrum þriðja aðila (þar á meðal þar sem þessi þjónusta er í boði í gegnum Visa Solution), kunna sérstakar persónuverndartilkynningar að eiga við.

10. liður (Heimild fyrir leyfisveitingu)

Visa veitir þér takmarkað, afturkallanlegt ekki undirleyfishæft og að öðru leyti óframseljanlegt leyfi án einkaréttis til að nota Visa Solution í samræmi við þessa skilmála svo lengi sem þú ert skráð(ur) í Visa Solution. Þrátt fyrir framangreint fellur leyfið úr gildi í öllum tilvikum þegar samningi á þessum skilmálum lýkur. Allur réttur sem ekki er gagnert veittur þér er áskilinn af Visa, hlutdeildarfélögum þess eða leyfisveitendum.

13. liður (Fyrirvari ábyrgða og takmörkun skaðabótaskyldu)

SKAÐABÓTASKYLDA VISA Á TJÓNI (*SCHÄDEN*) AF VÖLDUM LÍTILSHÁTTAR GÁLEYSIS (*LEICHTE FAHRLÄSSIGKEIT*) ER UNDANSKILIN.

FYRRNEFND TAKMÖRKUN Á SKAÐABÓTASKYLDU Á EKKI VIÐ UM NEINA TILSKIPADA LÖGBOÐNA SKAÐABÓTASKYLDU, EINKUM VEGNA SKAÐABÓTASKYLDU SEM STAFAR AF ÁBYRGÐARKRÖFUM (*GEWÄHRLEISTUNGSANSPRÜCHE*), KRÖFUM SAMKVÆMT AUSTURRÍSKU LÖGUM UM VÖRUÁBYRGÐ (*PRODUKTHAFTUNGSGESETZ*) OG SKAÐABÓTASKYLDU VEGNA LÍKAMSTJÓNS (*PERSONENSCHÄDEN*). JAFNFRAMT GILDIR TAKMÖRKUN Á SKAÐABÓTASKYLDU EKKI EF OG AÐ ÞVÍ MARKI SEM VISA HEFUR TEKIÐ Á SIG TILTEKNA ÁBYRGÐ EÐA ÁKVEÐNA SKULDBINDINGU VEGNA ÞESS EFNIS SEM GEFUR TILFNI TIL SLÍKRAR SKAÐABÓTASKYLDU.

16. liður (Breyting á Visa Solution og þessum skilmálum; Uppsögn)

Visa Solution er í boði um óákveðinn tíma þar til henni er sagt upp af þér eða af Visa hvenær sem er í samræmi við neðangreint, sem felur í sér afturköllunarrétt þinn samkvæmt gildandi lögum.

Visa kann að segja upp samningnum sem felst í þessum skilmálum varðandi einhvern eða alla þætti Visa Solution með því að veita þér að minnsta kosti fjórtán (14) daga skriflegan fyrirvara með tölvupósti.

Visa getur, að eigin geðþótta, gert endurbætur á einhverjum eða öllum þáttum Visa Solution.

Þú getur sagt upp Visa Solution hvenær sem er. Þú getur afskráð þig úr Visa Solution með því að fylgja leiðbeiningunum í kaflanum Þjónustudeild á vefsíðu Visa Solution. Visa getur stöðvað, hætt við eða sagt upp aðgangi þínum eða notkun á Visa Solution hvenær sem er, án tafar og fyrirvara eða skuldbindinga við þig, ef þú brýtur gegn einhverjum þessara skilmála. Við ógildingu ert þú áfram ábyrg(ur) fyrir öllum greiðslum og öðrum skyldum sem þú hefur stofnað til samkvæmt þessum skilmálum.

17. liður A. (Tilkynningar)

Þú samþykkir að Visa megi senda þér tilkynningar og aðrar upplýsingar í tengslum við Visa Solution með tölvupósti. Öll rafræn samskipti frá okkur skulu vera álitin sem „skrifleg“ samskipti og vera álitin sem móttækin af þér ekki síðar en á þeim degi sem þau voru móttækin. Við erum ekki skuldbundin til að veita þér nein viðbótarskilaboð sem tengjast notkun þinni á Visa Solution.

Þú verður að tryggja að tölvupóstur frá okkur sé ekki hindraður á tölvupóstreikningnum þínum og einnig að netfangið sem þú hefur gefið okkur upp sé áfram uppfært. Að auki veitir þú okkur heimild til að bregðast við öllum fyrirmælum sem þú gefur okkur rafrænt.

Þú verður að vera með notandanafn á Visa Solution reikningi til að fá aðgang að upplýsingum rafrænt eða til að vera með hvers kyns virkni varðandi Visa Solution reikninginn þinn.

17. liður G. (Skaðabætur)

Þú samþykkir að tryggja, verja og halda Visa-aðilum skaðlausum fyrir hvers kyns tapi, skaðabótaskyldu, kröfu eða heimtu, skaðabótum, sektum og kostnaði, vegna, í tengslum við eða sem stafar af saknæmu broti þínu á þessum skilmálum.

17. liður H. (Úrlausn ágreiningsmála og Gildandi lög)

Þú hefur rétt á því að leggja fram kvörtun til Visa vegna Visa Solution með því að nota tengiliðaupplýsingarnar hér að neðan. Visa mun fara með kvörtunina sem trúnaðarmál. Visa mun tafarlaust staðfesta móttöku kvörtunar þinnar og innan þrjátíu (30) daga frá móttöku kvörtunarinnar mun skýrt koma fram til hvaða aðgerða var gripið til að bregðast við kvörtuninni. Ef Visa hefur ekki getað leyst úr kvörtun þinni er hægt að leggja fram kvörtun þína á hvaða opinbera tungumáli Evrópusambandsins sem er í gegnum ODR verkvanginn sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins

býður upp á: <https://ec.europa.eu/consumers/odr/>. Kvörtunin verður síðan send til staðbundinnar stofnunar í þínu landi sem sér um úrlausn ágreiningsmála. Allur ágreiningur, kröfur eða málsástæður sem stafa af eða eru í tengslum við þessa skilmála eða Visa Solution skulu lúta og vera túlkuð samkvæmt austurrískum lögum án þess að það stangist á við lagareglur þeirra. Allar deilur, kröfur eða málsástæður sem stafa af eða í eru tengslum við þessa skilmála eða Visa Solution skal leysa innan lögbærra dómstóla sem hafa lögsögu samkvæmt lögum.

17. liður I. (Fyrirskipun) hefur verið eytt og á ekki við.

iii. Eingöngu fyrir íbúa í Belgíu

Með fyrirvara um 7. lið hér að ofan er Visa Solution ókeypis.

Visa getur, að eigin geðþótta, breytt eða gert umbætur á þessum skilmálum eða Visa Solution með eða án tilkynningar til þín við eftirfarandi aðstæður:

- (a) af ástæðum sem Visa hefur ekki stjórn á, sem gerir Visa ófært um að veita Visa Solution eða hluta þess;
- (b) að fara að breytingum á gildandi lögum;
- (c) þar sem opinber yfirvöld, dómstóll, stofnun eða dómstóll Evrópusambandsins leggur skuldbindingar á Visa sem hafa bein áhrif á innihald þessara skilmála og/eða Visa Solution;
- (d) þar sem breyting kemur þér að góðum notum, þar á meðal, án takmarkana, innleiðing á aukalegri virkni, öryggi og tæknilegum endurbótum, villuleiðréttingum, aukinni seiglu, bættri frammistöðu Visa Solution, bættu notendaflæði og brottnám tiltekinna eiginleika sem ekki lengur auka við virði fyrir neytendur;
- (e) þar sem það er ekki lengur efnahagslega hagkvæmt fyrir Visa að bjóða upp á Visa Solution eða ákveðna virkni sem er í því; og/eða
- (f) þar sem breytingin er ekki mikilvæg.

Fyrir allar aðrar breytingar á skilmálum og/eða Visa Solution skal Visa tilkynna þér um slíka breytingu að minnsta kosti einum (1) mánuði áður en slík breyting tekur gildi. Ef þú vilt ekki samþykka breytinguna er hægt að segja upp notkun þinni á Visa Solution. Ef þú segir ekki upp notkun þinni á Visa Solution áður en slík breyting tekur gildi, telst þú hafa samþykkt breytinguna sem tilkynnt er um.

Þrátt fyrir málsgreinar um uppsögn í 16. lið (Breyting á Visa Solution og þessum skilmálum; Uppsögn) hér að ofan, mun eftirfarandi gilda fyrir íbúa í Belgíu.

Visa getur, að eigin geðþótta, sagt upp, stöðvað og/eða hætt við einhvern eða alla þætti Visa Solution og/eða þessara skilmála með eða án fyrirvara til þín við eftirfarandi aðstæður:

- a) af ástæðum sem Visa hefur ekki stjórn á, sem gerir Visa ófært um að veita Visa Solution eða hluta þess;
- b) að fara að breytingum á gildandi lögum;
- c) þar sem opinber yfirvöld, dómstóll, stofnun eða dómstóll Evrópusambandsins leggur skuldbindingar á Visa sem hafa bein áhrif á innihald þessara skilmála og/eða Visa Solution;
- d) þar sem það er ekki lengur efnahagslega hagkvæmt fyrir Visa að bjóða upp á Visa Solution eða ákveðna virkni sem er í þjónustunni;
- e) þar sem Visa ákveður að hætta að veita Visa Solution í Belgíu;
- f) þar sem sama eða svipuð lausn er í boði hjá útgefanda þínum eða öðrum Visa samstarfsaðila;
- g) þar sem vanefnd á skilmálunum á sér stað;
- h) þar sem Visa hefur grun um svik eða ólöglega, óheimila eða óviðeigandi hegðun, þar með talið án takmarkana þar sem þú gefur Visa ófullnægjandi, ónákvæmar eða ósannar upplýsingar og/eða eins og svikaeftirlitstæki Visa gefur til kynna;
- i) þar sem öryggiskerfi Visa fylgjast með grunsamlegri hegðun á Visa Solution reikningnum þínum; og/eða
- j) vegna skimunar við refsiaðgerðum.

Visa skal veita þér hæfilegan fyrirvara í tölvupósti um uppsögn, slit eða stöðvun vegna annarra aðstæðna.

Þú hefur rétt á því leggja fram kvörtun til Visa vegna Visa Solution með því að nota tengiliðaupplýsingarnar hér að neðan. Visa mun fara með kvörtunina sem trúnaðarmál. Visa mun tafarlaust staðfesta móttöku kvörtunar þinnar og innan 30 daga frá móttöku kvörtunarinnar mun skýrt koma fram til hvaða aðgerða var gripið til að bregðast við kvörtuninni.

Komi til lausnar á ágreiningnum utan dómstóla hefur Consumentenombudsdienst alríkisstjórnarinnar heimild til að taka á móti öllum umsóknum um lausn á ágreiningsmálum utan dómstóla. Hið síðarnefnda mun aftur á móti annað hvort afgreiða umsóknina sjálfa eða senda hana til viðurkennds aðila. Þú getur náð í Consumentenombudsdienst með þessum tengli:

<http://www.consumentenombudsdienst.be//nl>.

Fyrir ágreining sem á sér stað yfir landamæri getur þú líka notað verkvang Evrópusambandsins fyrir úrlausn á ágreiningi með eftirfarandi tengli:

<https://ec.europa.eu/consumers/odr/>.

iv. **Eingöngu fyrir íbúa í Búlgaríu**

Eftirfarandi ákvæði í undirliðum þessa hluta 17.J.iii gilda um neytendur sem eru íbúar í Búlgaríu og skulu hafa forgang gagnvart almennum ákvæðum í liðum 1 til 17.I.

Við munum láta þig vita með tölvupósti um allar breytingar á þessum skilmálum að minnsta kosti einum (1) mánuði áður en slík breyting tekur gildi. Ef þú vilt ekki samþykkja breytinguna er hægt að segja upp notkun þinni á Visa Solution. Ef þú segir ekki upp notkun þinni á Visa Solution áður en slík breyting tekur gildi, telst þú hafa samþykkt breytinguna sem tilkynnt er um.

Öll rafræn samskipti frá okkur skulu vera álitin sem móttækin af þér í samræmi við búlgörska lagaákvæði um rafræn skjöl og rafræna traustþjónustu og aðra viðeigandi löggjöf.

Þú getur valið að nota Visa Solution á sérhverju tæki sem hægt er að nota til að framkvæma rafrænar færslur og þar sem söluaðilinn sem þú ert í samskiptum við styður Visa Solution. Að auki getur þú valið að staðfesta Visa Solution færslur þínar á persónulega tækinu þínu með því að nota aðgangsslykla þar sem tækið, verkvangurinn og/eða vafrinn styður aðgangsslykla, þá aðgangsslykla sem þú hefur virkjað í tækinu þínu og þar sem notkun á aðgangsslyklum er aðgengileg hjá Visa.

Ef Visa hefur ekki getað leyst úr kvörtuninni sem þú hefur lagt fram er hægt að vísa kvörtun þinni til annarrar úrlausnar ágreiningsmála frammi fyrir allsherjarsáttanefndinni til búlgarsku neytendaverndarnefndarinnar (fyrir frekari upplýsingar hægt að skoða vefsíðu neytendaverndarnefndarinnar – www.kzp.bg). Þú getur líka lagt fram kvörtun í gegnum ODR verkvanginn sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins býður upp á: <https://ec.europa.eu/consumers/odr/>.

v. **Eingöngu fyrir íbúa í Kanada (Quebec):**

Tungumál. Aðilarnir staðfesta að hafa beðið um og samþykkt að samningur þessi og öll tengd skjöl, þar á meðal allar tilkynningar og samskipti, séu eingöngu samin á ensku. *Les parties confirment avoir requis et consenti à ce que cette convention et tous les documents qui s'y rattachent, incluant tous les avis et communications, soient rédigés en langue anglaise seulement.*

vi. **Eingöngu fyrir íbúa í Króatíu**

Með fyrirvara um 7. lið (Greiðslur, gjöld og skattar) hér að ofan, er Visa Solution ókeypis.

Visa Solution er í boði um óákveðinn tíma þar til henni er sagt upp af þér eða af Visa hvenær sem er í samræmi við 16. lið (Breyting á Visa Solution og þessum skilmálum; Uppsögn), sem felur í sér afturköllunarrétt þinn samkvæmt gildandi lögum. Þrátt fyrir 16. lið getur þú eða Visa sagt upp þessum skilmálum með því að tilkynna hinum aðilanum um uppsögn ("obavijest o otkazu"). Skilmálarnir falla úr gildi þegar einn (1) mánuður líður frá afhendingardegi tilkynningarinnar.

Þú getur valið að nota Visa Solution á sérhverju tæki sem hægt er að nota til að framkvæma rafrænar færslur og þar sem söluaðilinn sem þú ert í samskiptum við styður Visa Solution. Að auki getur þú valið að staðfesta Visa Solution færslur þínar á persónulega tækinu þínu með því að nota aðgangsslykla þar sem tækið, verkvangurinn og/eða vafrinn styður aðgangsslykla, þá aðgangsslykla sem þú hefur virkjað í tækinu þínu og þar sem notkun á aðgangsslyklum er aðgengileg hjá Visa.

Öll Visa kredit-, debet- og endurhlaðanleg fyrirframgreidd kort sem hægt er að nota til í rafrænum viðskiptum og eru í eign eins einstaklings er hægt að nota með Visa Solution. Þar sem Visa starfar sem SRC frumkvöðull (þ.e.a.s. þar sem Visa sér um útgreiðslu- eða greiðsluhluti rafrænnar viðskiptasíðu fyrir hönd söluaðila) fyrir önnur kerfi (eins og Mastercard eða American Express), eru kort frá þessum kerfum einnig gjaldgeng til notkunar innan Visa Solution.

Þú gefur hér með skýrt samþykki fyrir því að Visa megi framselja þessa skilmála, og réttindi og skyldur samkvæmt þeim, til þriðja aðila. Slíkt framsal tekur gildi þegar þér er tilkynnt um flutninginn.

Þú hefur rétt á því að leggja fram kvörtun til Visa vegna Visa Solution með því að nota tengiliðaupplýsingarnar hér að neðan. Visa mun tafarlaust staðfesta móttöku kvörtunar þinnar og innan fimmtán (15) daga frá móttöku kvörtunarinnar mun skýrt koma fram til hvaða aðgerða var gripið til að bregðast við kvörtuninni. Ef Visa hefur ekki getað leyst úr kvörtun þinni er hægt að lagt fram kvörtun á hvaða opinbera tungumáli Evrópusambandsins sem er í gegnum ODR verkvanginn sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins býður upp á:

<https://ec.europa.eu/consumers/odr/>. Kvörtunin verður síðan send til staðbundinna stofnana í þínu landi sem sér um úrlausn ágreininga.

vii. Eingöngu fyrir íbúa í Tékklandi

Með fyrirvara um 7. lið (Greiðslur, gjöld og skattar) hér að ofan, er Visa Solution ókeypis. Visa Solution er í boði um óákveðinn tíma þar til henni er sagt upp af þér eða af Visa og hægt er að segja henni upp hvenær sem er.

Þú hefur rétt á því að leggja fram kvörtun til Visa vegna Visa Solution með því að nota tengiliðaupplýsingarnar hér að neðan. Visa mun fara með kvörtunina sem trúnaðarmál. Visa mun tafarlaust staðfesta móttöku kvörtunar þinnar og innan þrjátíu (30) daga frá móttöku kvörtunarinnar mun skýrt koma fram til hvaða aðgerða var gripið til að bregðast við kvörtuninni. Ef Visa gat ekki leyst úr kvörtun þinni er hægt að vísa kvörtun þinni til Česká obchodní inspekce („ČOI“). Þú getur lagt fram kvörtun þína á hvaða opinbera tungumáli Evrópusambandsins sem er í gegnum ODR verkvanginn sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins býður upp á:

<https://ec.europa.eu/consumers/odr/>. Kvörtunin verður síðan send til ČOI. Þú getur líka haft samband við ČOI í Tékklandi með pósti eða í eigin persónu: Česká obchodní inspekce, Ústřední inspektorát – oddělení ADR, Štěpánská 44, 110 00 Praha 1, Email: adr@coi.cz. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu ČOI: <https://www.coi.cz>.

viii. Eingöngu íbúar Alþýðulýðveldisins Kína (að undanskildu sérstjórnarsvæði Hong Kong, sérstjórnarsvæði Macau og Taívan)

Þú staðfestir að Visa Solution er eingöngu í boði fyrir þig fyrir gjaldeyrisviðskipti yfir landamæri við smásöluaðila utan meginlands Alþýðulýðveldisins Kína. Allir smásöluaðilar á meginlandi Alþýðulýðveldisins Kína sem bjóða Visa Solution hafa aðeins heimild til að gera það fyrir búseta/gesti á meginlandi Alþýðulýðveldisins Kína.

ix. Eingöngu fyrir íbúa í Eistlandi

Eftirfarandi ákvæði í þessa hluta gilda um neytendur sem eru íbúar í Eistlandi og skulu hafa forgang gagnvart almennum ákvæðum í liðum 1 til 17.I.

Þú getur valið að nota Visa Solution á sérhverju tæki sem hægt er að nota til að framkvæma rafrænar færslur og þar sem söluaðilinn sem þú ert í samskiptum við styður Visa Solution. Að auki getur þú valið að auðkenna Visa Solution færslur þínar á persónulega tækinu þínu með því að nota aðgangsslykla þar sem tækið, verkvangurinn og/eða vafrinn styður aðgangsslykla, þá aðgangsslykla sem þú hefur virkjað í tækinu þínu og þar sem notkun á aðgangsslyklum er aðgengileg hjá Visa.

Með fyrirvara um 7. lið (Greiðslur, gjöld og skattar) hér að ofan, er Visa Solution ókeypis. Visa Solution er í boði um óákveðinn tíma þar til þjónustunni er sagt upp af þér eða af Visa og hægt er að segja henni upp hvenær sem er.

Þrátt fyrir málsgreinar um breytingar í 16. lið (Breyting á Visa Solution og þessum skilmálum; Uppsögn) hér að ofan, getur Visa, að eigin geðþótta, breytt, gert umbætur á og/eða gert endurbætur á einhverjum eða öllum þáttum Visa Solution og/eða eða þessa skilmála með eða án fyrirvara til þín við eftirfarandi aðstæður:

- a) af ástæðum sem Visa hefur ekki stjórn á, sem gerir Visa ófært um að veita Visa Solution eða hluta þess;
- b) að fara að breytingum á gildandi lögum;
- c) þar sem nauðsynlegt er að uppfylla sammingsbundnar eða lögbundnar skyldur sem gilda um Visa, þar með talið án takmarkana þegar sammingsaðili, opinber yfirvöld, stofnun eða dómstóll Evrópusambandsins leggur skuldbindingar á Visa sem hafa bein áhrif á innihald þessara skilmála og/eða Visa Solution;
- d) þar sem Visa ákveður að breyta virkni eða tæknilegri frammistöðu Visa Solution í viðskiptalegum tilgangi, þar á meðal án takmarkana, innleiðing á aukalegri virkni, öryggi og tæknilegu endurbótum, villuleiðréttingum, aukinni seiglu, bættri frammistöðu Visa Solution, bættu notendaflæði og

- brottnám tiltekinna eiginleika sem ekki lengur auka við virði fyrir neytendur; og/eða
- e) þar sem það er ekki lengur efnahagslega hagkvæmt fyrir Visa að bjóða upp á Visa Solution eða ákveðna virkni sem er í því.

Ef ástæðan fyrir breytingunni er ekki sett fram hér að ofan, skal Visa veita hæfilegan fyrirvara fyrir gildistökudag breytinganna. Ef þú samþykkir ekki breytingu á Visa Solution eða þessum skilmálum áttu rétt á að segja samningnum upp hvenær sem er.

Þrátt fyrir málsgreinar um uppsögn í 16. lið (Breyting á Visa Solution og þessum skilmálum; Uppsögn) hér að ofan, mun eftirfarandi gilda fyrir íbúa í Eistlandi:

Visa getur, að eigin geðþótta, sagt upp, stöðvað og/eða hætt við sérhvern eða alla þætti Visa Solution og/eða þessa skilmála með eða án tilkynningar til þín vegna þessara aðgerða:

- a) af ástæðum sem Visa hefur ekki stjórn á, sem gerir Visa ófært um að veita Visa Solution eða hluta þess;
- b) að fara að breytingum á gildandi lögum;
- c) þar sem nauðsynlegt er að uppfylla sammingsbundnar eða lögbundnar skyldur sem gilda um Visa, þar með talið án takmarkana þegar sammingsaðili, opinber yfirvöld, dómstóll, stofnun eða dómstóll Evrópusambandsins leggur skuldbindingar á Visa sem hafa bein áhrif á innihald þessara skilmála og/eða Visa Solution;
- d) þar sem vanefnd á skilmálunum á sér stað;
- e) þar sem Visa hefur grun um svik eða ólöglega, óheimila eða óviðeigandi hegðun, þar með talið án takmarkana þar sem þú gefur Visa ófullnægjandi, ónákvæmar eða ósannar upplýsingar og/eða eins og svikaeftirlitstæki Visa gefur til kynna;
- f) þar sem öryggiskerfi Visa fylgjast með grunsamlegri hegðun á Visa Solution reikningnum þínum; og/eða
- g) vegna skimunar við refsiaðgerðum.

Ef Visa segir upp, stöðvar eða hættir Visa Solution og/eða þessum skilmálum af einhverjum öðrum ástæðum skal Visa veita hæfilegan fyrirvara fyrir gildistíma slíkrar uppsagnar.

Ef Visa Solution uppfyllir ekki þessa skilmála er hægt að reiða sig á réttarúrræðin sem kveðið er á um í lögum að því marki sem þú hefur ekki samþykkt neinar lögmætar takmarkanir á slíkum úrræðum með því að ganga að þessum skilmálum. Þú getur lagt fram kvörtun til eistnesku neytendaverndar- og tækniefirlitsins, en tengiliðaupplýsingar má finna á <https://ttja.ee/kontakt>. Þú getur líka lagt fram

kröfu í gegnum ODR verkvanginn sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins býður upp á: <https://ec.europa.eu/consumers/odr/>.

x. Eingöngu fyrir íbúa í Þýskalandi

Eftirfarandi bætist við í lok 17.H liðs (Úrlausn ágreinings og Gildandi lög) fyrir íbúa Þýskalands:

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gerir ráð fyrir möguleikanum á úrlausn ágreinings í gegnum verkvang sinn til að leysa ágreining á netinu (Online Dispute Resolution „ODR“). Hægt er að nálgast ODR verkvanginn með eftirfarandi tengli: <https://ec.europa.eu/consumers/odr/>. Visa er hvorki skuldbundið né reiðubúið til að taka þátt í slíkri úrlausn ágreiningsmála.

Þrátt fyrir málgreinar um takmörkun á skaðabótaskyldu í 13. lið (Fyrirvari ábyrgða og takmörkun skaðabótaskyldu) hér að ofan eða aðrar yfirlýsingar varðandi takmörkun ábyrgðar Visa, mun eftirfarandi gilda um íbúa í Þýskalandi:

SAMNINGSBUNDIN OG LÖGBUNDIN SKAÐABÓTASKYLDA VISA Á TJÓNI AF VÖLDUM VÆGS GÁLEYSIS SKAL TAKMARKAST SEM HÉR SEGIR, ÓHÁÐ LAGALEGUM FORSENDUM:

- a) VISA ER SKAÐABÓTASKYLT ALLT AÐ UPPHÆÐ FYRIRSJÁANLEGS TJÓNS SEM ER DÆMIGERT FYRIR ÞESSA TEGUND SAMNINGS VEGNA BROTS Á EFNISLEGUM SAMNINGSSKULDBINDINGUM;
- b) VISA ER EKKI SKAÐABÓTASKYLT VEGNA BROTS Á ÓEFNISLEGUM SAMNINGSSKULDBINDINGUM NÉ VEGNA LÍTILS GÁLEYSISBROTS Á ANNARRI VIÐEIGANDI VARÚÐARSKYLDU.

FRAMANGREINDAR TAKMARKANIR Á SKAÐABÓTASKYLDU EIGA EKKI VIÐ UM NEINA LÖGBOÐNA SKAÐABÓTASKYLDU, SÉRSTAKLEGA VEGNA SKAÐABÓTASKYLDU SAMKVÆMT ÞÝSKUM LÖGUM UM VÖRUÁBYRGÐ (PRODUKT-THAFTUNGSGESETZ), OG SKAÐABÓTASKYLDU VEGNA REFSIVERÐRA MEIÐSLA Á FÓLKI. AUK ÞESS EIGA SLÍKAR TAKMARKANIR Á SKAÐABÓTASKYLDU EKKI VIÐ EF OG AÐ ÞVÍ MARKI SEM VISA HEFUR TEKIÐ Á SIG SÉRSTAKA ÁBYRGÐ.

UNDIRLIÐIR (a) OG (b) SKULU GILDA Í SAMRÆMI VIÐ SKAÐABÓTASKYLDU VISA Á GANGSLAUSUM KOSTNAÐI.

ÞÉR BER AÐ GERA FULLNÆGJANDI RÁDSTAFANIR TIL AÐ AFSTÝRA OG DRAGA ÚR TJÓNI.

xi. Eingöngu fyrir íbúa í Ungverjalandi

Þrátt fyrir málgreinar um breytingar í 16. lið (Breyting á Visa Solution og þessum skilmálum; Uppsögn) hér að ofan, mun eftirfarandi gilda um íbúa í Ungverjalandi:

Visa kann, að eigin geðþótta, að breyta eða gera umbætur á þessum skilmálum með eða án fyrirvara til þín við eftirfarandi aðstæður:

- a) af ástæðum sem Visa hefur ekki stjórn á, sem gerir Visa ófært um að veita Visa Solution eða hluta þess;
- b) að fara að breytingum á gildandi lögum;
- c) þar sem opinber yfirvöld, dómstóll, stofnun eða dómstóll Evrópusambandsins leggur skuldbindingar á Visa sem hafa bein áhrif á innihald þessara skilmála og/eða Visa Solution;
- d) þar sem breyting kemur þér að góðum notum, t.d., þegar hún felur í sér innleiðingu á aukalegri virkni, öryggi eða tæknilegum endurbótum, villuleiðréttingu, aukinni seiglu, bættri frammistöðu Visa Solution, bættu notendaflæði og brotnám tiltekinna eiginleika sem ekki lengur auka ávinning neytenda; og/eða
- e) þar sem það er ekki lengur efnahagslega hagkvæmt fyrir Visa að bjóða upp á Visa Solution eða ákveðna virkni sem er í því.

Ef ofangreindar breytingar eru óhagstæðar fyrir þig, mun Visa láta þig vita að minnsta kosti átta (8) dögum fyrir gildistökudag breytinganna. Ef þú samþykkir ekki breytingu á þessum skilmálum átt þú rétt á að segja samningnum upp hvenær sem er.

Þrátt fyrir málgreinar um uppsögn í 16. lið (Breyting á Visa Solution og þessum skilmálum; Uppsögn) hér að ofan, mun eftirfarandi gilda fyrir íbúa í Ungverjalandi: Visa kann, að eigin geðþótta, að segja upp, stöðva og/eða hætta við einhvern eða alla þætti Visa Solution og/eða þessa skilmála með eða án fyrirvara til þín við eftirfarandi aðstæður:

- a) af ástæðum sem Visa hefur ekki stjórn á, sem gerir Visa ófært um að veita Visa Solution eða hluta þess;
- b) að fara að breytingum á gildandi lögum;
- c) þar sem opinber yfirvöld, dómstóll, stofnun eða dómstóll Evrópusambandsins leggur skuldbindingar á Visa sem hafa bein áhrif á innihald þessara skilmála og/eða Visa Solution;
- d) þar sem það er ekki lengur efnahagslega hagkvæmt fyrir Visa að bjóða upp á Visa Solution eða ákveðna virkni sem er í því;
- e) þar sem Visa ákveður að hætta að veita Visa Solution í Ungverjalandi;
- f) þar sem sama eða svipuð lausn er í boði hjá útgefanda þínum eða öðrum Visa samstarfsaðila;
- g) þar sem vanefnd á skilmálunum á sér stað;
- h) þar sem Visa hefur grun um svik eða ólöglega, óheimila eða óviðeigandi hegðun, þar með talið án takmarkana þar sem þú gefur Visa ófullnægjandi, ónákvæmar eða ósannar upplýsingar og/eða eins og svikaeftirlitstæki Visa gefur til kynna;
- i) þar sem öryggiskerfi Visa fylgjast með grunsamlegri hegðun á Visa Solution reikningnum þínum; og/eða

j) vegna skimunar við refsiaðgerðum.

Ef þú ert með einhverjar kvartanir um Visa Solution, áttu rétt á að senda þær til sáttasemjara í Búdapest (póstfang: H-1253 Budapest, POB 10; netfang: bekelteto.testulet@bkik.hu; netfang: <https://uj.bekeltetes.hu/publikus/online-ugy-inditas>; móttaka: H-1016 Budapest, Krisztina krt. 99. I. em. 111; sími: +36 (1) 488 21 31; vefsíða fyrir frekari upplýsingar: <https://bekeltet.bkik.hu>).

Þú getur lagt fram kvörtun þína á hvaða opinbera tungumáli Evrópusambandsins sem er í gegnum ODR verkvanginn sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins býður upp á: <https://ec.europa.eu/consumers/odr/>.

Þú getur líka lagt fram kvörtun þína til lögbærra neytendaverndaryfirvalda og byggist á heimilisfangi þínu í Ungverjalandi. Ef þú ert ekki með heimilisfang í Ungverjalandi, er lögbært yfirvald þar Neytendaverndareftirlit Búdapests (móttaka og póstfang: H-1117 Budapest, Prielle Kornélia u. 4/b; netfang: fogyved_kmf_budapest@bfkh.gov.hu; sími : 06 (1) 450 25 98).

Tungumál samningsins sem byggir á þessum skilmálum skal vera ungerska. Samningur sem byggir á þessum skilmálum getur ekki talist skriflegur samningur. Texti þessara skilmála merktur hástöfum og/eða feitletraður er frábrugðinn lagaákvæðum og hefðbundnum samningsvenjum. Með því að nota þjónustuna samþykkir þú einnig þessa skilmála.

xii. **Eingöngu fyrir íbúa á Íslandi**

Þú hefur rétt á því að leggja fram kvörtun til Visa varðandi Visa Solution með því að nota upplýsingarnar sem gefnar eru upp í hlutanum Hafa samband hér að neðan. Visa mun fara með kvörtunina sem trúnaðarmál. Visa mun tafarlaust staðfesta móttöku kvörtunar þinnar og innan þrjátíu (30) daga frá móttöku kvörtunarinnar mun skýrt koma fram til hvaða aðgerða var gripið til að bregðast við kvörtuninni.

Þú getur valið að nota Visa Solution á sérhverju tæki sem hægt er að nota til að framkvæma rafrænar færslur og þar sem söluaðilinn sem þú ert í samskiptum við styður Visa Solution. Að auki er hægt að velja að nota aðgangsslykla þar sem tækið, verkvangurinn og/eða vefvafri styður aðgangsslykla, þú hefur virkjað aðgangsslykla á tækinu þínu og þar sem notkun aðgangsslykla er aðgengileg Visa.

Visa getur, að eigin geðþótta, breytt eða gert umbætur á þessum skilmálum eða Visa Solution með eða án tilkynningar til þín við eftirfarandi aðstæður:

- a) af ástæðum sem Visa hefur ekki stjórn á, sem gerir Visa ófært um að veita Visa Solution eða hluta þess;
- b) að fara að breytingum á gildandi lögum;

- c) þar sem opinber yfirvöld, dómstóll, stofnun eða dómstóll Evrópusambandsins leggur skuldbindingar á Visa sem hafa bein áhrif á innihald þessara skilmála og/eða Visa Solution;
- d) þar sem breyting kemur þér að góðum notum, þar á meðal, án takmarkana, innleiðing á aukalegri virkni, öryggi og tæknilegum endurbótum, villuleiðréttingum, aukinni seiglu, bættri frammistöðu Visa Solution, bættu notendaflæði og brotnám tiltekinna eiginleika sem ekki lengur bæta virði fyrir neytendur;
- e) þar sem það er ekki lengur efnahagslega hagkvæmt fyrir Visa að bjóða upp á Visa Solution eða ákveðna virkni sem er í því;
- f) þar sem breytingin er ekki mikilvæg.

Fyrir allar aðrar breytingar á skilmálum og/eða Visa Solution skal Visa tilkynna þér um slíka breytingu að minnsta kosti einum (1) mánuði áður en slík breyting tekur gildi. Ef þú vilt ekki samþykkja breytinguna er hægt að segja upp notkun þinni á Visa Solution. Ef þú segir ekki upp notkun þinni á Visa Solution áður en slík breyting tekur gildi, telst þú hafa samþykkt breytinguna sem tilkynnt er um.

xiii. Eingöngu fyrir íbúa á Indlandi

Visa Solution er í boði á Indlandi hjá Visa Worldwide Pte. Hlutafélag.

xiv. Eingöngu fyrir íbúa í Lettlandi

Eftirfarandi ákvæði í þessa hluta gilda um neytendur sem eru íbúar í Lettlandi og skulu hafa forgang gagnvart almennum ákvæðum í liðum 1 til 17.I.

Þú getur valið að nota Visa Solution á sérhverju tæki sem hægt er að nota til að framkvæma rafrænar færslur og þar sem söluaðilinn sem þú ert í samskiptum við styður Visa Solution. Að auki getur þú valið að staðfesta Visa Solution færslur þínar á persónulega tækinu þínu með því að nota aðgangsslykla þar sem tækið, verkvangurinn og/eða vafrinn styður aðgangsslykla, þá aðgangsslykla sem þú hefur virkjað í tækinu þínu og þar sem notkun á aðgangsslyklum er aðgengileg hjá Visa.

Með fyrirvara um 7. lið (Greiðslur, gjöld og skattar) hér að ofan, er Visa Solution ókeypis. Visa Solution er í boði um óákveðinn tíma þar til henni er sagt upp af þér eða af Visa og hægt er að segja henni upp hvenær sem er.

Ef Visa Solution uppfyllir ekki þessa skilmála er hægt að reiða sig á réttarræðin sem kveðið er á um í lögum.

Ef þú ert neytandi í Lettlandi er hægt að leggja fram kröfu til ágreiningsnefndar utan dómstóla (Patērētāju ārpustiesas strīdu risināšanas komisija) (vefsíða:

<https://www.ptac.gov.lv/lv/pateretaju-stridu-risinasanas-komisija>), eða með því að fylla út beiðniseyðublaðið á ODR verkvanginum (vefsíða: <https://ec.europa.eu/odr/>).

xv. **Eingöngu fyrir íbúa í Litháen**

Eftirfarandi ákvæði í þessa hluta gilda um neytendur sem eru íbúar í Litháen og skulu hafa forgang gagnvart almennum ákvæðum í liðum 1 til 17.I.

Þú getur valið að nota Visa Solution á sérhverju tæki sem hægt er að nota til að framkvæma rafrænar færslur ef söluaðilinn sem þú ert í samskiptum við styður Visa Solution. Að auki getur þú valið að staðfesta Visa Solution færslur þínar á persónulega tækinu þínu með því að nota aðgangsslykla þar sem tækið, verkvangurinn og/eða vafrinn styður aðgangsslykla, þá aðgangsslykla sem þú hefur virkjað í tækinu þínu og þar sem notkun á aðgangsslyklum er aðgengileg hjá Visa.

Með fyrirvara um 7. lið (Greiðslur, gjöld og skattar) hér að ofan, er Visa Solution ókeypis. Visa Solution er í boði um óákveðinn tíma þar til henni er sagt upp af þér eða af Visa hvenær sem er í samræmi við 16. lið (Breyting á Visa Solution og þessum skilmálum; Uppsögn), sem felur í sér afturköllunarrétt þinn samkvæmt gildandi lögum.

Þrátt fyrir málsgreinar um breytingar í 16. lið (Breyting á Visa Solution og þessum skilmálum; Uppsögn) hér að ofan, getur Visa, að eigin geðþótta, breytt, aðlagð og/eða gert endurbætur á einhverjum eða öllum þáttum Visa Solution og/eða þessa skilmála með eða án fyrirvara til þín við eftirfarandi aðstæður:

- a) af ástæðum sem Visa hefur ekki stjórn á, sem gerir Visa ófært um að veita Visa Solution eða hluta þess;
- b) að fara að breytingum á gildandi lögum;
- c) þar sem nauðsynlegt er að uppfylla samningsbundnar eða lögbundnar skyldur sem gilda um Visa, þar með talið án takmarkana þegar samningsaðili, opinber yfirvöld, dómstóll, stofnun eða dómstóll Evrópusambandsins leggur skuldbindingar á Visa sem hafa bein áhrif á innihald þessara skilmála og/eða Visa Solution;
- d) þar sem Visa ákveður að breyta virkni eða tæknilegri frammistöðu Visa Solution í viðskiptalegum tilgangi t.d. vegna innleiðingar á aukalegri virkni, öryggi eða tæknilegum endurbótum, villuleiðréttingum, aukinni seiglu, bættri frammistöðu Visa Solution, bættu notendaflæði og brottnámi tiltekinna eiginleika sem ekki lengur auka við virði fyrir neytendur; og/eða þar sem það er ekki lengur efnahagslega hagkvæmt fyrir Visa að bjóða upp á Visa Solution eða ákveðna virkni sem er í því.

Ef ástæðan fyrir breytingunni er ekki sett fram hér að ofan, skal Visa veita hæfilegan fyrirvara fyrir gildistöku dag breytinganna. Ef þú samþykkir ekki breytingu á Visa Solution eða þessum skilmálum áttu rétt á að segja samningnum upp hvenær sem er.

Þrátt fyrir málsgreinar um uppsögn í 16. lið (Breyting á Visa Solution og þessum skilmálum; Uppsögn) hér að ofan, mun eftirfarandi gilda fyrir íbúa í Litháen:

Visa getur, að eigin geðþótta, sagt upp, stöðvað og/eða hætt við sérhvern eða alla þætti Visa Solution og/eða þessa skilmála með eða án tilkynningar til þín vegna eftirfarandi þátta:

- a) af ástæðum sem Visa hefur ekki stjórn á, sem gerir Visa ófært um að veita Visa Solution eða hluta þess;
- b) til að fara að breytingum á gildandi lögum;
- c) þar sem nauðsynlegt er að uppfylla lögbundnar skyldur sem gilda um Visa, þar með talið án takmarkana þegar opinber yfirvöld, dómstóll, stofnun eða dómstóll Evrópusambandsins leggur skuldbindingar á Visa sem hafa bein áhrif á innihald þessara skilmála og/eða Visa Solution;
- d) þar sem það er ekki lengur efnahagslega hagkvæmt fyrir Visa að bjóða upp á Visa Solution eða ákveðna virkni sem er í því;
- e) þar sem Visa ákveður að hætta að veita Visa Solution í Litháen;
- f) þar sem sama eða svipuð lausn er í boði hjá útgefanda þínum eða öðrum samstarfsaðila Visa;
- g) þar sem vanefnd á skilmálunum á sér stað;
- h) þar sem Visa hefur grun um svik eða ólöglega, óheimila eða óviðeigandi hegðun, þar með talið án takmarkana þar sem þú gefur Visa ófullnægjandi, ónákvæmar eða ósannar upplýsingar og/eða eins og svikaeftirlitstæki Visa gefur til kynna;
- i) þar sem öryggiskerfi Visa fylgjast með grunsamlegri hegðun á Visa Solution reikningnum þínum; og/eða
- j) vegna skimunar við refsiaðgerðum.

Ef Visa segir upp, stöðvar eða hættir Visa Solution og/eða þessum skilmálum af einhverjum öðrum ástæðum skal Visa veita hæfilegan fyrirvara fyrir gildistíma slíkrar uppsagnar.

Ef Visa Solution uppfyllir ekki þessa skilmála er hægt að reiða sig á réttarúrræðin sem kveðið er á um í lögum að því marki sem þú hefur ekki samþykkt neinar lögmætar takmarkanir á slíkum úrræðum með því að ganga að þessum skilmálum. Ef þú ert neytandi í Lettlandi er hægt að leggja fram kröfu til ágreiningsnefndar utan dómstóla (Vilniaus g. 25, LT-01402 Vilnius, Lithuania; <https://www.vvtat.lt/>), eða með því að fylla út beiðniseyðublað á ODR verkvanginum (vefsíða: <https://ec.europa.eu/odr/>).

xvi. Eingöngu fyrir íbúa í Lúxemburg

Visa Solution er ókeypis.

xvii. Eingöngu fyrir íbúa á Möltu

Visa Solution er háð og verður að vera í samræmi við allt tímabilið sem Visa Solution býðst þér, samræmiskröfurnar eins og þær eru settar fram í tilskipun (ESB) 2019/770 og innleiddar inn í maltnesk lög með Reglum um stafrænt efni og stafræna þjónustusamninga (Aukalöggjöf 378.20).

Þrátt fyrir málsgreinar um breytingar í 16. lið (Breyting á Visa Solution og þessum skilmálum; Uppsögn) hér að ofan, mun eftirfarandi gilda um íbúa á Möltu:

Visa kann, að eigin geðþótta, að breyta, gera umbætur á og/eða gera úrbætur á einhverjum eða öllum þáttum Visa Solution og/eða þessara skilmála með eða án fyrirvara til þín við eftirfarandi aðstæður:

- a)** af ástæðum sem Visa hefur ekki stjórn á, sem gerir Visa ófært um að veita Visa Solution eða hluta þess;
- b)** að fara að breytingum á gildandi lögum;
- c)** þar sem opinber yfirvöld, dómstóll, stofnun eða dómstóll Evrópusambandsins leggur skuldbindingar á Visa sem hafa bein áhrif á innihald þessara skilmála og/eða Visa Solution;
- d)** þar sem breyting kemur þér að góðum notum, t.d., þegar hún felur í sér innleiðingu á aukalegri virkni, öryggi eða tæknilegum endurbótum, villuleiðréttingu, aukinni seiglu, bættri frammistöðu Visa Solution, bættu notendaflæði og brotnám tiltekinna eiginleika sem ekki lengur auka ávinning neytenda;
- e)** þar sem það er ekki lengur efnahagslega hagkvæmt fyrir Visa að bjóða upp á Visa Solution eða ákveðna virkni sem er í því;
- f)** þar sem Visa ákveður að hætta að veita Visa Solution eða einhvern hluta þess á Möltu;

Þrátt fyrir málsgreinar um uppsögn í 16. lið (Breyting á Visa Solution og þessum skilmálum; Uppsögn) hér að ofan, kann Visa að segja upp, hætta og/eða stöðva einhvern eða alla þætti Visa Solution og/eða þessara skilmála að eigin geðþótta með því að veita þér að minnsta kosti eins (1) mánaðar fyrirvara, nema ef einhver alvarleg ástæða til tafarlausrar uppsagnar sé til staðar sem lýst er í listanum hér að neðan, og þá getur Visa sagt upp án fyrirvara, þ.e.a.s.:

- a)** af ástæðum sem Visa hefur ekki stjórn á, sem gerir Visa ófært um að veita Visa Solution eða hluta þess;
- b)** að fara að breytingum á gildandi lögum;

- c) þar sem opinber yfirvöld, dómstóll, stofnun eða dómstóll Evrópusambandsins leggur skuldbindingar á Visa sem hafa bein áhrif á innihald þessara skilmála og/eða Visa Solution;
- d) þar sem það er ekki lengur efnahagslega hagkvæmt fyrir Visa að bjóða upp á Visa Solution;
- e) þar sem Visa ákveður að hætta að veita Visa Solution á Möltu;
- f) þar sem sama eða svipuð lausn er í boði hjá útgefanda þínum eða öðrum Visa samstarfsaðila;
- g) þar sem vanefnd á skilmálunum á sér stað;
- h) þar sem Visa hefur grun um svik eða ólöglega, óheimila eða óviðeigandi hegðun, þar með talið án takmarkana þar sem þú gefur Visa ófullnægjandi, ónákvæmar eða ósannar upplýsingar og/eða eins og svikaeftirlitstæki Visa gefur til kynna;
- i) þar sem öryggistól Visa fylgjast með grunsamlegri hegðun á Visa Solution reikningnum þínum; og/eða
- j) vegna skimunar við refsiaðgerðum.

xviii. **Eingöngu fyrir íbúa í Póllandi**

Ef þú ert íbúi í Póllandi og skráðir þig eftir 2. ágúst 2024 gilda eftirfarandi ákvæði um þig í stað númeruðu hlutanna hér að ofan:

INNGANGUR:

MIKILVÆGT: VINSAMLEGAST LESIÐ EFTIRFARANDI ÞJÓNUSTUSKILMÁLA VISA SOLUTION VANDLEGA („SKILMÁLAR“). MEÐ ÞVÍ AÐ SAMÞYKKJA ÞESSA SKILMÁLA, VIÐURKENNIR ÞÚ AÐ ÞÚ SKILJIR OG SAMÞYKKIR ALLA ÞESSA SKILMÁLA.

Visa Solution er háð hæfi korthafa. Þar sem útgefandi þinn veitir Click to Pay í tengslum við gjaldgeng kort þýðir það að Visa veitir ekki Visa Solution í tengslum við slík gjaldgeng kort. Þar af leiðandi skilur þú að þar sem útgefandi þinn veitir Click to Pay í tengslum við gjaldgeng kort, ertu ekki hæf(ur) fyrir Visa Solution með tilliti til slíkra gjaldgengra korta.

Ef útgefandi þinn byrjar að bjóða upp á Click to Pay í tengslum við gjaldgeng kort á gildistíma þessa samnings og:

- a) þú skráir þig í Click to Pay þjónustuna sem útgefandi þinn býður upp á í tengslum við gjaldgeng kortin þín, þýðir það að Visa býður ekki lengur upp á Visa Solution fyrir slík gjaldgeng kort; í slíku tilviki mun Visa láta þig vita af því og annað hvort (i) biðja um samþykki þitt fyrir framsal þessara skilmála



- samkvæmt ákvæði 17i hér að neðan eða (ii) segja þessum skilmálum upp með því að gefa þér að minnsta kosti þrjátíu (30) daga fyrirvara;
- b) þú skráir þig ekki í Click to Pay þjónustuna sem útgefandi þinn býður upp á í tengslum við gjaldgengu kortin þín, Visa mun halda áfram að bjóða þér upp á Visa Solution fyrir slík gjaldgeng kort.

Visa kann að vera í samráði við útgefanda þinn (þar á meðal með því að deila upplýsingum sem þú hefur gefið upp til að skrá þig í Visa Solution) til að tryggja að þú fáið viðeigandi og haganlega þjónustu. Ef þú ert ekki hæf(ur) fyrir Visa Solution skilur þú að staðfesting og sönnun þessara skilmála skapar ekki samning við Visa og skilmálar sem eftir eru eiga ekki við. Hugtök með hástöfum eru eins og þau eru skilgreind í þessum skilmálum.

1. Visa Solution

Þetta ákvæði á að fullu við um þig þar sem eftirfarandi málsgrein kemur í stað sjöttu málsgreinar úr viðkomandi lið hér að ofan:

Þegar þú notar Visa Solution sendum við kortaupplýsingar þínar til söluaðilans, eða annars viðeigandi þriðja aðila, til að gera þeim kleift að vinna úr færslunni. Visa kann að búa til tölulegan staðgengil af reikningsnúmeri gjaldgenga Visa-kortsins þíns (tákn) til að nota til að vernda gjaldgengu kortin þín. Þú samþykkir að smásöluaðilinn eða annar viðeigandi þriðji aðili geti sent upplýsingar um færsluna til viðeigandi netkerfis fyrir gjaldgenga kortið þitt og að færsla þín verði greidd með því að nota gjaldgenga kortið sem þú valdir. Þú staðfestir að kortaupplýsingarnar sem geymdar eru eða veittar með notkun á Visa Solution eru veittar af þér eða, í ákveðnum lögsagnarumdæmum, fyrir þína hönd af útgefanda þínum eða söluaðila eða þriðja aðila, og innihalda persónulegar fjárhagsupplýsingar. Þú mátt aðeins nota gjaldgeng kort í tengslum við Visa Solution ef útgefandi þinn lítur á þig sem korthafa eða viðurkenndan notanda og nafn þitt er á gjaldgenga kortinu. Þér er skylt að veita og geyma kortaupplýsingarnar og aðrar upplýsingar sem þú geymir með Visa Solution eða gefur upp með því að nota Visa Solution í heild og með nákvæmni. Þú verður eingöngu að nota gild netföng og símanúmer sem þú átt eða eru stýrð af þér. Þó svo að Visa kann að framkvæma ákveðna sannvottunarathugun kortaupplýsinga fyrir Visa kort, er Visa ekki ábyrgt fyrir nákvæmni kortaupplýsinga eða annarra upplýsinga sem þú veitir, þar á meðal hvort að kortaupplýsingar séu gildar og uppfærðar.

2. Mikilvæg tilkynning varðandi færslur þínar

Þetta ákvæði á að fullu við um þig með eftirfarandi málsgrein bætt við í lok þessa liðs:



VISA GETUR LEYST ÚR VANDAMÁLUM SEM TENGJAST NOTKUN EÐA VIRKNI VISA SOLUTION EN EKKI FÆRSLUNUM VIÐ SÖLUADILANN.

3. Þjónustuskilmálar

Þetta ákvæði á ekki við um þig.

4. Hæfi

Þetta ákvæði á að fullu við um þig þar sem eftirfarandi hluti kemur í stað hlutar (iv) úr viðkomandi lið hér að ofan:

(iv) korthafi eða viðurkenndur notandi eins eða fleiri gjaldgengra korta, og banki þeirra hefur hvorki lokað á né stöðvað reikning sem tengist hæfa kortinu.

5. Skráning og öryggi

Þetta ákvæði á að fullu við um þig fyrir utan næstsíðustu málsgreinina í viðkomandi lið hér að ofan, sem á ekki við um þig, og með eftirfarandi málsgrein sem kemur í stað fjórðu málsgreinar úr viðkomandi kafla hér að ofan:

Sem hluta af skráningu þinni þarf að stofna notandanafn og á sumum mörkuðum gæti þurft að búa til lykilorð. Þessi gögn eru notuð til að staðfesta þig þegar þú notar Visa Solution. Ef þú þarft að stofna lykilorð, ættir þú að velja lykilorð sem er einstakt fyrir Visa Solution öryggisins vegna og leggja notandanafnið og lykilorðið á minnið og ekki halda skráningu lykilorðsins á eða með einkatölvunni þinni, spjaldtölvu, fartæki eða öðru tæki sem notað er til að fá aðgang að Visa Solution. Þú ert ábyrg(ur) fyrir því að verja trúnaðarupplýsingar um notandanafn þitt og lykilorð, ef einhver eru. Að auki, ef þú velur að láta tækið þitt eða vafra muna eftir þér, eða tengja notkun þína á Visa Solution við stafrænt veski á einu eða fleiri tækjum, berð þú ábyrgð á að vernda öryggi og aðgang að slíku tæki/tækjum. Það er mikilvægt að þú gerir það þar sem Visa ber ekki ábyrgð á neinu tapi sem þú verður fyrir vegna óleyfilegrar notkunar á gjaldgengu korti þínu nema það sé vegna aðstæðna sem Visa ber ábyrgð á samkvæmt almannalögum. Þú samþykkir að tilkynna Visa tafarlaust um leið og þú verður vör/var við óleyfilega notkun á notandanafni þínu, lykilorði ef við á, eða gjaldgengt kort í Visa Solution, eða ef tæki(n) þín sem þú hefur valið að láta muna eftir þér, eða tengt notkun þína á Visa Solution við stafrænt veski, hefur týnst eða því verið stolið eða á annan hátt orðið fyrir óviðkomandi aðgangi eða öðrum raunverulegum eða hugsanlegum öryggisbrestum sem tengjast notkun þinni á Visa Solution. Ef um er að ræða óheimila notkun eða birtingu á auðkenningarupplýsingum þínum og/eða á gjaldgengu korti í Visa Solution getur Visa fjarlægt gjaldgengu kortin þín úr, eða stöðvað eða hætt notkun þinni á Visa Solution. Visa mun upplýsa þig um stöðvun eða



uppsögn á notkun þinni á Visa Solution og í slíkri tilkynningu mun Visa tilgreina ástæður þess. Ef þú ert með lykilorð kann Visa að minna þig á að breyta því.

10. Leyfisveiting

Visa veitir þér takmarkað, afturkallanlegt, ekki undirleyfishæft án einkaréttar og að öðru leyti óframseljanlegt leyfi til að nota Visa Solution í samræmi við þessa skilmála svo lengi sem þú ert skráð(ur) í Visa Solution. Þrátt fyrir framangreint fellur leyfið úr gildi í öllum tilvikum þegar samningi á þessum skilmálum lýkur. Allur réttur sem ekki er gagnert veittur þér, er áskilinn af Visa, hlutdeildarfélögum þess eða leyfisveitendum.

11. Umsagnir og kvartanir

Ef þú sendir inn umsagnir eða ábendingar um hvernig hvernig megi bæta Visa Solution, gætum við notað ábendingar þínar eða tillögur án skuldbindingar gagnvart þér. Til að taka af allan vafa snýr þessi málsgrein ekki að kvörtunum neytenda, sem er að finna hér að neðan.

Þú hefur rétt á því að leggja fram kvörtun til Visa vegna Visa Solution með því að nota tengiliðaupplýsingarnar hér að neðan. Visa mun tafarlaust, eigi síðar en innan tveggja (2) daga, staðfesta móttöku kvörtunar þinnar og mun innan fjórtán (14) daga frá móttöku kvörtunarinnar svara kvörtun þinni skriflega eða með tölvupósti og þar mun skýrt koma fram til hvaða aðgerða var gripið til að bregðast við kvörtuninni. Ef Visa hefur ekki getað leyst úr kvörtun þinni er hægt að leggja fram kvörtun þína á hvaða opinbera tungumáli Evrópusambandsins sem er í gegnum ODR verkvanginn sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins býður upp á: <https://ec.europa.eu/consumers/odr/>. Kvörtunin verður síðan send til staðbundinna stofnana í þínu landi sem sér um úrlausn ágreiningsmála.

13. Fyrirvari ábyrgða og takmörkun skaðabótaskyldu

VISA SKAL VERA ÁBYRGT FYRIR VANEFNDUM EÐA ÓVIÐEIGANDI EFNDUM ÞESSA SAMNINGS, NEMA VANEFNDIRNAR EÐA ÓVIÐEIGANDI EFNDIRNAR SÉU AFLEÐING VEGNA AÐSTÆÐA SEM VISA BER EKKI ÁBYRGÐ Á (SAMKVÆMT 471. GREIN ALMENNINGSLAGA). ÞETTA Á EINNIG VIÐ UM: (I) NOTKUN ÞÍNA Á EÐA GETA TIL AÐ NOTA VISA SOLUTION AF HVAÐA ÁSTÆÐU SEM ER, ÞAR Á MEÐAL SYNJUN ÚTGEFANDA ÞÍNS TIL AÐ VEITA HEIMILD, EÐA SMÁSÖLUAÐILA AÐ SAMÞYKKJA FÆRSLU; (II) VÖRUR, ÞJÓNUSTA EÐA UPPLÝSINGAR SEM KEYPTAR ERU EÐA MÓTTÉKNAR Í TENGLUM VIÐ VISA SOLUTION, ÞAR Á MEÐAL VEGNA MISBRESTS Á AÐ TAKA Á MÓTI EÐA GETA EKKI SKILAÐ SLÍKUM VÖRUM, ÞJÓNUSTU EÐA UPPLÝSINGUM; (III)

ÁGREININGUR Á MILLI ÞÍN OG SÖLUAÐILA; (IV) ALLAR ÓNÁKVÆMAR, ÓFULLNÆGJANDI EÐA RANGAR UPPLÝSINGAR SEM ER AÐ FINNA Í HVERS KYNS UPPLÝSINGUM SEM VEITTAR ERU Í GEGNUM VISA SOLUTION, SEM ÚTGEFANDI ÞINN EÐA AÐRIR ÞRIÐJU AÐILAR VEITA; (V) ÓHEIMILAÐS AÐGANGS AÐ, EÐA BREYTING EÐA TAP Á SENDINGUM ÞÍNUM, GÖGNUM EÐA ÖÐRUM UPPLÝSINGUM SEM SAFNAÐ VAR, GEYMDAR EÐA SENDAR Í TENGLUM VIÐ VISA SOLUTION; EÐA (VI) ÖNNUR NOTKUN ÞÍN Á VISA SOLUTION. AÐ AUKI SKAL VISA EKKI BERA Á BYRGÐ Á HVERS KYNS MISBRESTI Á AÐ UPPFYLLA SKYLDUR SEM ER Í ÞESSUM SKILMÁLUM VEGNA ÓVIÐRÁÐANLEGRA ATBURÐA.

EKKERT Í ÞESSUM SKILMÁLUM ÚTILOKAR SKAÐABÓTASKYLDU VISA-AÐILA Á HVAÐA ATBURÐUM SEM VISA BER ÁBYRGÐ Á Í SAMRÆMI VIÐ ÁKVÆÐI ALMENNALAGA.

14. Enginn stuðningur; Ágreiningur við smásöluaðila

Nema það sé vegna aðstæðna sem Visa ber ábyrgð á samkvæmt almannalögum, styður Visa ekki né styrkir og ber ekki ábyrgð á: (i) útgefendum eða rekstraraðilum greiðslukerfa eða stafrænna veskja eða annarra þriðju aðila sem hjálpa til við að auðvelda upplifun við útskráningu eða sem þú gætir notað í tengslum við Visa Solution; (ii) vörunum eða þjónustunni sem keypt er eða færslum sem gerðar eru í tengslum við Visa Solution; (iii) virðing fyrir eða efndir á vörunum eða þjónustunni sem keypt er eða færslur sem gerðar eru í tengslum við Visa Solution; og (iv) smásöluaðila sem kunna að kaupa vörur eða þjónustu eða framkvæmir færslur í tengslum við Visa Solution.

15. Vefsíður þriðju aðila, innihald og tilföng

Visa Solution kann að vera aðgengilegt í gegnum þriðju aðila sem hjálpa til við að auðvelda færsluupplifunina, þar á meðal vefsíður þeirra, lén eða forrit, og gæti leyft þér að tengja við eða fá aðgang að beinum tengingum við slíka þriðju aðila eða vefsíður þriðju aðila, innihald og tilföng, þar á meðal samfélagsmiðla. Þú staðfestir að Visa hefur enga stjórn á, og er ekki endilega sammála sýn, skoðunum eða innihaldi slíkra þriðju aðila eða vefsíðum þeirra, lénum, forritum, innihaldi eða tilfangi, sem eru gerð aðgengileg af fyrirtækjum eða aðilum öðrum en Visa. Nema það sé af völdum aðstæðna sem Visa ber ábyrgð á samkvæmt almannalögum, staðfestir þú og samþykkir að Visa er ekki ábyrgt fyrir tiltækileika slíkra vefsíðna, léna, forrita, innhalds eða tilfanga. Nema það sé af völdum aðstæðna sem Visa ber ábyrgð á samkvæmt almannalögum, staðfestir þú enn fremur að Visa er ekki skaðabótaskyld gagnvart þér vegna taps eða skemmda sem þú gætu hafa átt sér stað vegna þessara þriðju aðila, þar á meðal vefsíðum þriðju aðila, léna, forrita, innihaldi

eða tilfanga, þar á meðal tapi eða tjóns sem orðið hefur í sambandi við kaup sem gerð voru í gegnum Visa Solution.

16. Breyting á Visa Solution og skilmálum þessum; Uppsögn

Visa kann að segja upp, stöðva eða hætta notkun á Visa Solution við eftirfarandi aðstæður, tímabundið eða varanlega, með því að gefa þér að minnsta kosti þrjátíu (30) daga fyrirvara:

- (i) þar sem Visa ákveður að hætta að veita Visa Solution í Portúgal; og/eða
- (ii) af ástæðum sem Visa hefur ekki stjórn á, sem gerir Visa ófært um að veita Visa Solution eða hluta þess;

Visa mun upplýsa þig um uppsögn, stöðvun eða slit á Visa Solution og tilgreina ástæður þess.

Visa kann að breyta þessum skilmálum eða Visa Solution af eftirfarandi ástæðum:

- (i) lagabreytinga sem leiða til skyldu til breytinga á þessum skilmálum eða Visa Solution;
- (ii) opinber yfirvöld, dómstólar, stofnanir eða dómstólar Evrópusambandsins sem leggja skuldbindingar á Visa sem hafa bein áhrif á innihald þessara skilmála; þetta myndi þó ekki varða neina breytingu á ákvæðum sem eru ósanngjörn fyrir neytendur samkvæmt 385.(1) § 1 grein laganna frá 23. apríl 1964. - Almannaölg;
- (iii) til að kynna nýja, aukalega virkni í Visa Solution;
- (iv) að gera tæknilegar endurbætur á virkni Visa Solution; og/eða
- (v) að innleiða öryggisauka, þar með talið nýja persónuvernd.

Ef um er að ræða breytingu á skilmálum samkvæmt þessum lið mun Visa aðeins bæta við, eyða eða breyta viðeigandi ákvæðum skilmálanna í tengslum við þá ástæðu sem var grundvöllur breytinganna, og aðeins að því marki sem nauðsynlegt er til að kynna fyrirhugaða breytingu.

Visa mun senda þér væntanlegar breytingar með þrjátíu (30) daga fyrirvara með tölvupósti. Í tilkynningunni skal koma fram ástæða og rökstuðningur fyrir innleiðingu breytingarinnar. Ef þú samþykkir ekki breytingarnar átt þú rétt á að hætta notkun þinni á Visa Solution hvenær sem er.

Burtséð frá breytingunum sem tilgreindar eru í málsgreininni hér að ofan, getur Visa breytt og/eða gert umbætur á hvaða þáttum sem er í Visa Solution og/eða þessum skilmálum, tímabundið eða varanlega, þar á meðal að einhver hluti af Visa Solution sé tiltækur með skýlausu samþykki þínu með því að veita þér að minnsta kosti þrjátíu (30) daga fyrirvara áður en ofangreint er framkvæmt. Í slíkri tilkynningu mun Visa tilgreina umfang fyrirhugaðra breytinga, dagsetningu innleiðingar þeirra og beiðni um að þú samþykkir þær. Ef þú samþykkir ekki slíkar breytingar og/eða aðlögun mun Visa segja upp notkun þinni á Visa Solution.]

Þrátt fyrir allt annað sem sett er fram í þessum skilmálum, getur Visa stöðvað, hætt við eða sagt upp aðgangi þínum að eða notkun á Visa Solution strax hvenær sem er ef þú brýtur gegn 12. lið þessara skilmála ("Hegðun notanda"). Visa mun upplýsa þig um stöðvun, slit eða uppsögn á notkun þinni á Visa Solution og í slíkri tilkynningu mun Visa tilgreina ástæður þess. Við ógildingu ert þú áfram ábyrg(ur) fyrir öllum greiðslum og öðrum skyldum sem þú hefur stofnað til samkvæmt þessum skilmálum.

Þú getur sagt upp notkun þinni á Visa Solution hvenær sem er, þar með talið ef þú ert ekki ánægð(ur) með breytingar sem við gerum á skilmálunum. Þú getur afskráð þig úr Visa Solution með því að fylgja leiðbeiningunum í kaflanum Þjónustudeild á vefsíðu Visa Solution. [Ef þú skráir þig fyrir Visa Solution hjá útgefanda þínum eða öðrum Visa-samstarfsaðila, skal hætta núverandi notkun þinni á Visa Solution sem veitt er samkvæmt þessum skilmálum. Skortur á slíkri uppsögn er ástæða fyrir Visa til að hætta notkun þinni á Visa Solution sem veitt er samkvæmt þessum skilmálum. Visa mun tilkynna þér um uppsögnina og ástæður hennar.]

17.a. Tilkynningar

Þetta ákvæði á að fullu við um þig þar sem eftirfarandi málsgrein kemur í stað fyrstu málsgreinarinnar úr viðkomandi lið hér að ofan:

Þú samþykkir að Visa kann að senda þér tilkynningar og aðrar birtingar í sambandi við Visa Solution með tölvupósti, birtingum á vefsíðunni eða með öðrum rafrænum samskiptum. Allar upplýsingar sem krafist er samkvæmt lögum verða veittar á varanlegum miðli.

17.e. Túlkun

Orðtök eins og „varðandi þetta“, „hér“ og „hér að neðan“ skulu þýða og vísa til allra þessara skilmála, frekar en einhvern sérstakan hluta þeirra. Hugtakið „þar á meðal“ skal þýða „þar á meðal, án takmarkana“. Hvenær sem „hér“ er notað, skal eintalan innihalda fleirtölu og fleirtalan innihalda eintölu, og notkun á hvaða kyni sem er skal eiga við um öll kyn.

17. g. Skaðabætur

Þetta ákvæði á ekki við um þig.

17.i. Úthlutun

Þú mátt ekki úthluta þessum skilmálum, í krafti laga eða á annan hátt, án fyrirfram skriflegs samþykkis frá Visa. Komi til framsals á þessum skilmálum og réttindum og skyldum hér að neðan til þriðju aðila, mun Visa gefa þér að minnsta kosti fjórtán (14) daga fyrirvara. Ef ekki fæst skýrt samþykki frá þér innan tilgreinds tímabils mun Visa segja upp þessum skilmálum.

xix. Eingöngu fyrir íbúa í Portúgal

Varðandi ákvæði um skaðabótaskyldu í 13. lið hér að ofan eða aðrar yfirlýsingar varðandi takmörkun á skaðabótaskyldu Visa, munu eftirfarandi kröfulýsingar gilda fyrir íbúa í Portúgal:

SKAÐABÓTASKYLDU VISA-AÐILA Á TJÓNI, KRÖFUM EÐA TAPI ER EKKI UNÐANSKILIN ÞEGAR HÚN STAFAR AF ÁSETNINGI.

VISA-AÐILAR GERA EKKI ALMENNA ÚTILOKUN EÐA TAKMARKANIR Á SKAÐABÓTASKYLDU SINNI Á ÖLLU TJÓNI, KRÖFUM EÐA TAPI SEM STOFNAÐ ER TIL. SKAÐABÓTAÁSKYLDU VISA SKAL EKKI ÚTILOKUÐ EÐA TAKMÖRKUÐ, BEINT EÐA ÓBEINT, AÐ ÞVÍ ER VARÐAR: (I) TJÓN SEM ÓGNAR LÍFI, SIÐFERÐILEGUM EÐA LÍKAMLEGUM HEILINDUM EÐA HEILSU EINSTAKLINGA; (II) EIGNATJÓN ÁN SAMNINGS; (III) ENDANLEGAR VANEFNDIR, TAFIR Á EFNÐUM EÐA GALLAÐAR EFNDIR, EF UM VÍSVITANDI MISFERLI ER AÐ RÆÐA EÐA ALVARLEGA SÖK; (IV) ATHAFNIR FULLTRÚA EÐA AÐSTOÐARMANNA, EF UM VÍSVITANDI MISFERLI ER AÐ RÆÐA EÐA ALVARLEGA SÖK.

Visa mun láta þig vita með tölvupósti um allar breytingar á þessum skilmálum að minnsta kosti einum (1) mánuði áður en slík breyting tekur gildi. Ef þú vilt ekki samþykkja breytinguna er hægt að segja upp notkun þinni á Visa Solution. Ef þú segir ekki upp notkun þinni á Visa Solution áður en slík breyting tekur gildi, telst þú hafa samþykkt breytinguna sem tilkynnt er um.

Þrátt fyrir málsgreinar um uppsögn í 16. lið (Breyting á Visa Solution og þessum skilmálum; Uppsögn) hér að ofan, getur Visa sagt upp, hætt og/eða stöðvað einhvern eða alla þætti Visa Solution og/eða þessara skilmála að eigin geðþótta með því að veita þér að minnsta kosti fjórtán (14) daga fyrirvara, nema ef einhver alvarleg ástæða til tafarlausrar uppsagnar sé til staðar sem lýst er í listanum hér að neðan, og þá getur Visa sagt upp án fyrirvara, þ.e.a.s.:

- a) af ástæðum sem Visa hefur ekki stjórn á, sem gerir Visa ófært um að veita Visa Solution eða hluta þess;
- b) að fara að breytingum á gildandi lögum;
- c) þar sem opinber yfirvöld, dómstóll, stofnun eða dómstóll Evrópusambandsins leggur skuldbindingar á Visa sem hafa bein áhrif á innihald þessara skilmála og/eða Visa Solution;
- d) þar sem það er ekki lengur efnahagslega hagkvæmt fyrir Visa að bjóða upp á Visa Solution;
- e) þar sem Visa ákveður að hætta að veita Visa Solution í Portúgal;
- f) þar sem sama eða svipuð lausn er í boði hjá útgefanda þínum eða öðrum Visa samstarfsaðila;
- g) þar sem vanefnd á skilmálunum á sér stað;
- h) þar sem Visa hefur grun um svik eða ólöglega, óheimila eða óviðeigandi hegðun, þar með talið án takmarkana þar sem þú gefur Visa ófullnægjandi, ónákvæmar eða ósannar upplýsingar og/eða eins og svikaeftirlitstæki Visa gefur til kynna;
- i) þar sem öryggistól Visa fylgjast með grunsamlegri hegðun á Visa Solution reikningnum þínum; og/eða
- j) vegna skimunar við refsiaðgerðum.

xx. **Eingöngu fyrir íbúa í Hollandi**

Með fyrirvara um 7. lið (Greiðslur, gjöld og skattar) hér að ofan, er Visa Solution ókeypis. Visa Solution er í boði um óákveðinn tíma þar til henni er sagt upp af þér eða af Visa hvenær sem er í samræmi við 16. lið (Breyting á Visa Solution og þessum skilmálum; Uppsögn), sem felur í sér afturköllunarrétt þinn samkvæmt gildandi lögum. Þú hefur rétt á því að leggja fram kvörtun til Visa vegna Visa Solution með því að nota tengiliðaupplýsingarnar hér að neðan. Visa mun fara með kvörtunina sem trúnaðarmál. Visa mun tafarlaust staðfesta móttöku kvörtunar þinnar og innan þrjátíu (30) daga frá móttöku kvörtunarinnar mun skýrt koma fram til hvaða aðgerða var gripið til að bregðast við kvörtuninni. Þú getur lagt fram kvörtun þína á hvaða opinbera tungumáli Evrópusambandsins sem er í gegnum ODR verkvanginn sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins býður upp á:

<https://ec.europa.eu/consumers/odr/>.

Þú getur valið að nota Visa Solution á sérhverju tæki sem hægt er að nota til að framkvæma rafrænar færslur og þar sem söluaðilinn sem þú ert í samskiptum við styður Visa Solution. Að auki getur þú valið að staðfesta Visa Solution færslur þínar á persónulega tækinu þínu með því að nota aðgangsslykla þar sem tækið, verkvangurinn og/eða vafrinn styður aðgangsslykla, þá aðgangsslykla sem þú hefur virkjað í tækinu þínu og þar sem notkun á aðgangsslyklum er aðgengileg hjá Visa.

Skattanúmer Visa er 94-1721694.

xxi. Eingöngu fyrir íbúa í Rúmeníu

Með fyrirvara um 7. lið (Greiðslur, gjöld og skattar) er Visa Solution ókeypis. Visa Solution er í boði um óákveðinn tíma þar til henni er sagt upp af þér eða af Visa hvenær sem er í samræmi við 16. lið (Breyting á Visa Solution og þessum skilmálum; Uppsögn), sem felur í sér afturköllunarrétt þinn samkvæmt gildandi lögum, sem hægt er að nota hvenær sem er og á sama hátt og tilgreint er í 16. lið.

Bætt skal við eftirfarandi orðalagi í upphafi 13. liðs (Fyrirvari ábyrgða og takmörkun skaðabótaskyldu):

AÐ ÞVÍ MARKI SEM LEYFILEGT ER SAMKVÆMT GILDANDI LÖGUM
Þrátt fyrir ákvæði fyrstu málsgreinar í 16. lið (Breyting á Visa Solution og þessum skilmálum; Uppsögn), þar sem Visa ákveður, að eigin geðþótta, að segja upp, stöðva eða hætta notkun á Visa Solution, eða að gera verulegar breytingar eða aðlaga efnislega einhverjum eða öllum þáttum Visa Solution, mun Visa gefa þér hæfilegan fyrirvara um áform sín um það.

Eftirfarandi bætist við í lok 17.H liðs (Úrlausn ágreinings og Gildandi lög):
Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gerir ráð fyrir möguleikanum á úrlausn ágreinings í gegnum verkvang sinn til að leysa ágreining á netinu (Online Dispute Resolution „ODR“). Hægt er að nálgast ODR verkvanginn með eftirfarandi tengli:
<https://ec.europa.eu/consumers/odr/>.

Eftirfarandi málsgrein bætist við í lok þessara skilmála:

Með því að skrá þig inn á eða virkja gjaldgengt kort fyrir Visa Solution, og með því að halda áfram að nota eða taka þátt í Visa Solution, viðurkennir þú og samþykkir að þú hafir lesið og skilið að fullu og að þú samþykkir öll ákvæði skilmálanna, þar á meðal ákvæði eftirfarandi liða: 1. liðs (Visa Solution), 2. liðs (Mikilvæg tilkynning um viðskipti þín), 5. liðs (Skráning og öryggi), 7. liðs (Greiðslur, gjöld og skattar), 8. liðs (Persónuvernd), 13. liðs (Fyrirvari ábyrgða og takmörkun skaðabótaskyldu), 14. liðs (Enginn stuðningur; Ágreiningur við smásöluaðila), 15. liðs (Vefsíður þriðju aðila, innihald og tilföng), 16. liðs (Breyting á Visa Solution og þessum skilmálum; Ógilding), 17. liðs (Almennir skilmálar), málsgreinar: a (Tilkynningar), g (Skaðabætur) og h (Úrlausn ágreinings og Gildandi lög), í þeirri röð.

xxii. Eingöngu fyrir íbúa í Slóvakíu

Með fyrirvara um 7. lið (Greiðslur, gjöld og skattar) hér að ofan, er Visa Solution ókeypis. Visa Solution er í boði um óákveðinn tíma þar til henni er sagt upp af þér eða af Visa hvenær sem er í samræmi við 16. lið (Breyting á Visa Solution og þessum skilmálum; Uppsögn), sem felur í sér afturköllunarrétt þinn samkvæmt gildandi lögum.

Þú hefur rétt á því að leggja fram kvörtun til Visa vegna Visa Solution með því að nota tengiliðaupplýsingarnar hér að neðan. Visa mun fara með kvörtun þína sem trúnaðarmál. Visa mun tafarlaust staðfesta móttöku kvörtunar þinnar og innan þrjátíu (30) daga frá móttöku kvörtunarinnar mun skýrt koma fram til hvaða aðgerða var gripið til að bregðast við kvörtuninni. Ef Visa gat ekki leyst úr kvörtun þinni getur þú vísað kvörtun þinni til Slovenská obchodná inšpekcia („SOI“). Þú getur lagt fram kvörtun þína á hvaða opinbera tungumáli Evrópusambandsins sem er í gegnum ODR verkvanginn sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins býður upp á:

<https://ec.europa.eu/consumers/odr/>. Kæran verður síðan send til SOI. Þú getur líka haft samband við SOI í Slóvakíu með pósti eða í eigin persónu: Slovenská obchodná inšpekcia, Odbor pre medzinárodné vzťahy a alternatívne riešenie spotrebiteľských sporov, Bajkalská 21/A, 827 99 Bratislava, email: ars@soi.sk. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu SOI:

<https://www.soi.sk/sk/alternativne-riesenie-spotrebiteľských-sporov.soi>.

xxiii. **Eingöngu fyrir íbúa í Slóveníu**

Með fyrirvara um 7. lið (Greiðslur, gjöld og skattar) hér að ofan, er Visa Solution ókeypis.

Visa Solution er í boði um óákveðinn tíma þar til henni er sagt upp af þér eða af Visa hvenær sem er í samræmi við 16. lið (Breyting á Visa Solution og þessum skilmálum; Uppsögn), sem felur í sér afturköllunarrétt þinn samkvæmt gildandi lögum.

Þú hefur rétt á því að leggja fram kvörtun til Visa vegna Visa Solution með því að nota tengiliðaupplýsingarnar hér að neðan. Visa mun fara með kvörtun þína sem trúnaðarmál. Visa leitast við að leysa ágreininga friðsamlega. Visa mun tafarlaust staðfesta móttöku kvörtunar þinnar og innan þrjátíu (30) daga frá móttöku kvörtunarinnar mun skýrt koma fram til hvaða aðgerða var gripið til að bregðast við kvörtuninni. Visa viðurkennir ekki að veitandi sem leysir ágreining neytenda utan dómstóla sé bær til að leysa ágreining neytenda sem neytandi kann að höfða samkvæmt lögum um lausn ágreinings á neytendamáli utan dómstóla (Zakon o izvensodnem reševanju potrošniških sporov). Ef Visa hefur ekki getað leyst úr kvörtun þinni er hægt að leggja fram kvörtun þína á hvaða opinbera tungumáli Evrópusambandsins sem er í gegnum ODR verkvanginn sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins býður upp á: <https://ec.europa.eu/consumers/odr/>. Kvörtunin verður síðan send til staðbundinna stofnana í þínu landi sem sér um úrlausn ágreiningsmála.

Þú gefur hér með skýrt samþykki fyrir því að Visa megi framselja þessa skilmála, og réttindi og skyldur samkvæmt þeim, til þriðja aðila. Slíkt framsal tekur gildi þegar þér er tilkynnt um flutninginn.

xxiv. Eingöngu fyrir íbúa á Spáni

Með fyrirvara um 7. lið (Greiðslur, gjöld og skattar) hér að ofan, er Visa Solution ókeypis. Visa Solution er í boði um óákveðinn tíma þar til henni er sagt upp af þér eða af Visa hvenær sem er í samræmi við 16. lið (Breyting á Visa Solution og þessum skilmálum; Uppsögn), sem felur í sér afturköllunarrétt þinn samkvæmt gildandi lögum.

Bætt skal við eftirfarandi orðalagi í upphafi 13. liðs (Fyrirvari um ábyrgð og takmörkun skaðabótaskyldu) hér að ofan fyrir íbúa Spánar:

AÐ ÞVÍ MARKI SEM LEYFILEGT ER SAMKVÆMT VIÐEIGANDI LÖGUM

Þrátt fyrir málsgreinar um breytingar og uppsögn í 16. lið (Breyting á Visa Solution og þessum skilmálum; Uppsögn) hér að ofan eða aðrar yfirlýsingar um breytingar og uppsögn, mun eftirfarandi gilda fyrir íbúa Spánar:

Þar sem Visa leggur til að gera verulegar breytingar, stöðva, hætta eða segja upp Visa Solution og/eða þessum skilmálum, mun Visa gefa þér hæfilegan fyrirvara um áform sín um það.

Eftirfarandi bætist við í lok 17.H liðs (Úrlausn ágreinings og Gildandi lög) fyrir íbúa Spánar:

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins leyfir þér að leysa úr ágreiningsmálum í gegnum verkvang sinn til að leysa ágreining á netinu (Online Dispute Resolution „ODR“). Hægt er að nálgast ODR verkvanginn með eftirfarandi tengli:

<https://ec.europa.eu/consumers/odr/>.

K. Eftirstöðvar.

Þrátt fyrir ógildingu þessara skilmála, halda þessir skilmálar áfram að eiga við hvaða notkun þína sem er á Visa Solution þjónustu fyrir ógildingu. Hlutar þessara skilmála sem í eðli sínu ættu að standast uppsögn, skulu stand eftir uppsögn þessara skilmála eða stöðvun þína á notkun Visa Solution, þar á meðal ákvæðið í Úrlausn ágreinings og Gildandi lög.

L. Hafið samband.

Ef þú ert með einhverjar spurningar um Visa Solution skal skoða Algengar spurningar og svör á vefsíðunni. Ef Algengar spurningar og svör svara ekki spurningum þínum eða áhyggjum, er hægt samband við okkur með því að skrifa Visa U.S.A. Inc., Visa Solution, 900 Metro Center Blvd., Foster City, CA 94404-2172, Bandaríkin, eða [hafa samband](#).